

Reykjavík, 30. júní 2008  
RTG/ah

Heilbrigðisnefnd  
Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík  
[nefnasvið@althingi.is](mailto:nefnasvið@althingi.is)

Vísað er til bréfs heilbrigðisnefndar frá 4. júní 2008 þar sem prófessoraráði á Landspítala-háskólasjúkrahúsi í Reykjavík er boðið að gera athugasemdir við hjálagt frumvarp til laga um sjúkraskrár, 635. mál, heildarlög. Undirritaður svarar hér með þessari málaleitan fyrir hönd prófessoraráðsins. Tekið skal fram að prófessoraráð Landspítalans eru samtök prófessora úr læknadeild Háskóla Íslands sem hafa starfsvettvang á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Prófessoraráðið fagnar frumvarpi til laga um sjúkraskrár. Um þarft og jákvætt frumvarp er að ræða sem er vel samið. Ráðinu þykir ekki ástæða til að gera einstakar athugasemdir við frumvarpið af sinni hálfu en vísar til umsagnar frá Læknaráði Landspítalans sem prófessorarnir tilheyra einnig. Starfsvettvangur prófessora snýr sérstaklega að menntun og vísindarannsóknum á heilbrigðissviði innan Landspítalans. Við teljum að með fullnægjandi hætti sé séð fyrir þeim þáttum í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Reynir T. Geirsson, yfirlæknir/prófessor  
Kvennasvið LSH  
Hringbraut